

Öldungur hf. opnaði hjúkrunarheimilið Sóltún 7. janúar 2002. Heimilið hefur þjónustusamning við ríkið um rekstur til næstu 25 ára. Íbúar heimilisins eru 92. Markmið Sóltúns er að veita íbúum sínum bestu hjúkrun og aðra þjónustu sem völ er á, á hverjum tíma og vera aðlaðandi starfsvettvangur. Allir þættir varðandi hönnun húsnæðis og val á hús- og tækjabúnaði hefur miðast við það. Sóltún tekur þátt í að mennta fagfólk innan heilbrigðisþjónustu í samvinnu við

SJÚKRAÞJÁLFUN SAFNAR FYRIR ÖÐRU ÆFINGARHJÓLI

Sjúkraþjálfarar óska eftir aðstoð við að kaupa nýtt hjól. Í sjúkraþjálfun er til eitt svona hjól. Það er mjög vinsælt og er svo komið að aðsóknin er mun meiri en þetta eina hjól nær að anna. Hjólið er búið ýmsum góðum kostum. Það er hægt að velja mismunandi gir eða þyngd og svo er hægt að fá ýmsar upplýsingar á meðan hjólað er t.d. hversu langt er hjólað, hve lengi og hvor fóturinn er meira notaður. Einn mikilvægur kostur hjólsins er að ef einstaklingur ræður ekki við að hjóla sjálfur þá getur hjólið tekið við. Þannig fær viðkomandi góða hreyfingu sem stuðlar að vellíðan, vinnur á mótí vöðvastífni og kreppum í liðum. Hjólið kostar 750.000

Tekið er á mótí framlögum í minningasjóð Sóltúns

kt. 600300-5390

banki: 0101-26-5390

-skýring: hjól

Við vonum að sem flestir geti séð sér fært að aðstoða okkur við þessa söfnun.



Aðstandendur geta fengið sendar auglýsingar í tölvupósti, um uppákomur í

Sóltúni. Vinsamlegast hafið samband við móttökuna.

Aðstandendur geta fengið raflykil að útidrym gegn vægu skilgjaldi í móttöku Sóltúns.

Í ÞESSU TÖLUBLADI

LEIÐBEININGAR 1
VEGAN ÖSKU-
MISTURS

FORDAST AÐ
BERA SMIT Í
SÓLTÚN

GLEÐILEGT

SUMAR

HERRAHÓPUR 3

GÓUGLEÐI

HJÓL Í SJÚKRA 4

ÞJÁLFUN

Einkavarnanefnd Sóltúns hefur undirbúið heimilið í samræmi við leiðbeiningar Landlæknis, Almannavarna og einkavarnaáætlun heimilisins.

VIÐ LEGGJUM ÁHERSLU Á:

- Sjálfræði einstaklingsins
- Virðingu fyrir einkalífi
- Athafnaþrá sé mætt
- Öryggi og vellíðan
- Starfsemin í stöðugri endurskoðun
- Virkt gæðaeftirlit með þjónustu

LEIÐBEININGAR EF ÖSKUMISTUR FER YFIR REYKJAVÍK

Fólki sem þjáist af langvinnum hjarta- og lungnasjúkdómum á að halda sig innandyra og forðast að komast í snertingu við ösku að óþörfu. Utandyra er notkun rykgríma og augnhlífa (gleraugna) ráðlögð. Ekki nota augnlisnur. Ráðlagt er að halda dyrum og gluggum lokuðum. Ef mikið öskufall verður er jafnframt ráðlagt að setja rök handklæði fyrir þröskulda og annarstaðar þar sem dragsúgur kann að vera og líma fyrir óþétta glugga. Hækka á hitastig í ofnum og slökkva á loftræstikerfi. Hlífa þarf viðkvæmum raftækjum, slökkva á þeim, og breiða yfir þau.

Sjá nánar í bæklingunum á www.landlaeknir.is

Öskufall. Leiðbeiningar um viðbúnað fyrir, eftir og meðan á öskufalli stendur.

1. útg. apríl 2010

Hætta á heilsutjóni vegna gosösku. 1. útg. apríl 2010

FORÐAST ÞARF AÐ BERA HVERS KYNS SMIT Á HJÚKRUNARHEIMILIÐ

Reglulega eru smit í gangi í samfélaginu, af bráðsmitandi og hvítleiðum sýkingum má nefna Inflúensu, Norovirusýkingu (þarmasýking sem veldur niðurgangi) og lúsafaraldur. Íbúar hjúkrunarheimilia veikjast oft verr af smitsjúkdómum en aðrir vegna margvíslegra undirliggjandi sjúkdóma og langvarandi heilsubrestra. Það er því mjög mikilvægt að gestir og aðrir sem erindi eiga á hjúkrunarheimilið hugi að smitleiðum sýkla og temji sér að rjúfa þær, jafnt í daglegu lífi og í heilbrigðisþjónustunni. Handþvottur og handsprittun er mikilvægasta sýkingavarnaáðgerðin sem til er. Ef fólk er með smitsjúkdóm á það ekki að koma í heimsókn á hjúkrunarheimilið fyrr en það hefur að fullu náð sér.

GLEÐILEGT SUMAR

Bæði kirsuberjatréð og eplatréð hafa verið í fullum blóma í garðskála Sóltúns. Í sól nær oft að verða yfir 20 gráðu hiti inni í skálanum sem er vinsæll staður að heimsækja meðal íbúa og starfsfólks. Búið er að klippa trjágróðurinn og undirbúa fyrir sumarið og vorlaukar eru að koma upp. Þessa dagana er jafnframt hugað að kartöfluútsæðinu.



KOSNING UTAN KJÖRFUNDA

Sýslumaðurinn í Reykjavík hefur tilkynnt að utankjörstaðakosning fyrir sveitastjórnakosningar 2010 verður fyrir íbúa í Sóltúni fimmtudaginn 21. maí milli klukkan 13:00 til 16:00 í samkomusalnum.

ÞJÓÐMÁLIN Í BRENNIDEPLI Í HERRAHÓPNUM

Það er margt skrafað og rætt í mánudags Herrahópnum. Nánast ekkert er hópnum óviðkomandi, allavega ekki þegar kemur að pólitík og landsmálum. Með hina víðfeðmu og löngu reynslu að baki sem býr í hópnum eru málin rædd, spurningum varpað fram og leitað svara. Sem dæmi hefur Icesave verið ofarlega á baugi og kallað fram ýmsar spurningar. Ekki nein ódýr svör duga hópnum. Það var því leitað til eins af okkar fremstu fræði- og baráttumönnum á sviði hagfræði og fjármála Vilhjálms Bjarnasonar lektors við HI og formanns Félags fjárfesta.

Erindi hans, útskýringar og umræða var einstaklega upplýsandi og heimsókn hans afar ánægjuleg í alla staði. Meðlimir Herrahópsins eru Vilhjálmi afar þakklátir fyrir komuna og umræðuna um þetta umdeilda mál og annað það sem hann kom inn á í sinni góðu heimsókn.

VEL HEPPNUÐ GÓUGLEÐI

Góugleðin 26. mars tókst vel að vanda. Heimilið var skreytt og fólk mætti þrúðbúið í hátíðarkvöldverðinn. Boðið var uppá steikt lambafille með þúrtvínssósu, léttsteiktu grænmeti og kartöfluturni. Í eftirrétt var þekannpæ með þeyttum rjóma.

Í samkomusalnum tróð upp dúettinn Trúton með þekktum íslenskum dægurlögum og bítlalögum. Dísirnar hennar Guðmundu komu síðan og sungu fyrir veislugesti.

